

## Kennsluáætlun í smíði 8.9.10. bekkur Val Veturinn 2010 - 2011.

Smíðakennsla á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Einstaklingurinn á að geta fengið að móta og hanna ákveðið útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt og einnig að endurgera og breyta öðrum hlutum. Í smíðakennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt

### Námsefni:

- ✚ Efni og áhöld úr smíðastofunni
- ✚ Einnig ef nemendur finna efni í náttúrunni má skoða hvort hægt er að nýta það til vinnslu

### Markmið:

Að nemandinn

- ✚ hafi öðlast þekkingu og færni í vali og notkun helstu handverkfæra í samræmi við efnisval og verkefni
- ✚ hafi öðlast nokkra þekkingu á rafmagnshandverkfærum og kunni ábyrga notkun þeirra
- ✚ sýni ábyrga umgengni um verkstæði, vélar, verkfæri, efni og áhöld
- ✚ sýni ábyrgð í efnisvali og nýtingu hráefna
- ✚ geti hagnýtt sér verkáætlanir, vinnulýsingar og aðrar áætlanir á sjálfstæðan og skipulegan hátt
- ✚ skilji og nýti sér færni og þekkingu úr öðrum námsgreinum við vinnu sína
- ✚ búi yfir samskiptahæfni sem geri honum kleift að vinna með öðrum að verki og handverki
- ✚ beita jákvæðri gagnrýninni hugsun og bera virðingu fyrir skoðunum annarra
- ✚ hafi þróað með sér skilning á fagurfræði handverks
- ✚ hafi öðlast áræði til að beita verkunnáttu sinni í daglegu lífi
- ✚ og ekki gleyma að njóta þess sem nemandinn er að vinna að ☺

<b>Viðfangsefni</b>	<b>Dæmi um viðfangsefni:</b>	<b>Námsmát:</b>
Í byrjun vetrar vinna nemendur eitt skyldustykki sem kennarinn leggur fyrir. Eftir að hafa lokið við vinnu á því stykki þá velja nemendur sér verkefni í samræmi við getur og aldur.	<b>Viður:</b> gítarstandur, súpuausa, geisladiskaskápur, brauðbretti, hilla, útskurður í tré, gestabók, borð o.fl. <b>Tálgunarverkefni:</b> smjörhnífur, skeið, snagi o.fl. <b>Trérennibekkur:</b> renna á milli odda, s.s. kertastjaka, lampi og fætur undir borð. <b>Plast:</b> lyklakippa, nammiskál, tertuspaði, stytta og margt fleira. <b>Málmsmíði:</b> skeiða, snittuspaði, hálsmen, nælur og margt fleira. <b>Gler:</b> mosaíkmyndir og speglar, tiffanys gluggamyndir og kertastjakar.	Nemendur taka myndir af verkefnum sínum og við setjum þær á netið á US síðuna. Vinna, vandvirkni, áhugi. hjálpssemi og umgengni í smíðastofunni sem kennarinn skráir eftir hvern tíma.

Hlaekka til að vinna með ykkur.

Kveðja

Jóhanna Kristín Hauksdóttir ☺